

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 772/2005

2008/EES/38/28

frá 20. maí 2005

um lýsingu á umfangi könnunaratriða og skilgreiningu tæknilega sniðsins fyrir árlega hagskýrslugerð Bandalagsins um stáliðnað fyrir viðmiðunarárin 2003–2009 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 48/2004 frá 5. desember 2003 ⁽¹⁾, einkum 7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 48/2004 var settur sameiginlegur rammi um árlega hagskýrslugerð Bandalagsins um stáliðnaðinn fyrir viðmiðunarárin 2003–2009.
- 2) Samkvæmt a-lið 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 48/2004 er þörf á framkvæmdarráðstöfunum til að tilgreina umfang tilskilinna könnunaratriða.
- 3) Samkvæmt b-lið 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 48/2004 er þörf á framkvæmdarráðstöfunum til skilgreiningar á tæknilega sniðinu fyrir sendingu árlegra hagskýrslna Bandalagsins um stáliðnaðinn.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Lýsing á umfangi könnunaratriðanna skal vera eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Í tilvísunum í reikningsskil félaga í þessum lýsingum eru notaðar þeir liðir sem mælt er fyrir um í 9. og 23. gr. tilskipunar ráðsins 78/660/EBE ⁽²⁾ að því er varðar framsetningu efnahagsreiknings og rekstrarreiknings.

2. gr.

Tæknilega sniðið sem um getur í grein 6.2 í reglugerð nr. 48/2004 skal vera eins og mælt er fyrir um í II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Aðildarríkin skulu nota þessar lýsingar og þetta tæknilega snið með tilliti til viðmiðunarársins 2003 og síðari ára.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. maí 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 128, 21.5.2005, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2005 frá 2. desember 2005 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 10, 23.2.2006, bls. 27.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 7, 13.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11.

I. VIÐAUKI

UMFANG KÖNNUNARTRÍÐA

1. ÁRLEGAR HAGSKÝRSLUR UM REIKNINGSJÖFNUÐ BROTAMÁLMS ÚR STÁLI OG STEYPUJÁRNI

Formálsorð

Ætlast er til að aðildarríkin safni saman þessum upplýsingum frá öllum verksmiðjum sem framleiða járn, stál eða afurðir sem skilgreindar eru í flokki 27.1 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE endursk. 1.1) og þeirra sem nota og/eða framleiða brotajárn. Framkvæmdastjórnin fellst á að fyrir fyrsta viðmiðunarárið á þýðid við um flokk 27.1 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE 1. endursk.) Fylla þarf út spurningalista fyrir hverja verksmiðju, jafnvel þótt nokkrar þeirra séu hluti af sama fyrirtæki. Ef stálsteypa er rekin samhliða bræðslunni á athafnasvæði hennar skal hún teljast óaðskiljanlegur hluti bræðslunnar. Bræðslur teljast reknar samhliða öðrum verksmiðjum á sama athafnasvæði ef þær lúta sömu stjórn og eru á sama stað. Eyðublaðið á við um völsunarstöðvar sem valsa aftur notaðar afurðir, sem teljast alla jafna ekki til brotajárns. Allar járn- og stálbræðslur, sem búa ekki að eigin tilföngum og þurfa því að kaupa brotajárn frá öðrum verksmiðjum, verða að fylla út þessa könnun á sama hátt og framleiðendur. Járnsmiðjur, hvort sem um samhliða rekstur er að ræða eða ekki, og stálsteypur með einhæfa framleiðslu eru undanskildar þar eð þær falla ekki undir flokk 27.1 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE endursk. 1.1).

Eftirfarandi telst til brotajárns:

- allt brotajárn eða stál sem verður til við framleiðslu og vinnslu járns eða stáls eða gamlir hlutir úr járn eða stáli sem henta til endurbæðslu (þ.m.t. aðkeypt brotajárn, en að frátöldu brenndu steypuefni og sýruétnu steypuefni,
- taumar og annað brotastál sem myndast við hellingu (venjulega eða botnhellingu), þ.m.t. í rennislisgöngum og opum, úrgangur í leiðslum frá botnhellingu o.s.frv. sem og málmhleifar sem lenda í úrkasti eða eru gallaðir og teljast ekki til framleiðslunnar,
- málmskófir (þó ekki frá steypumótun í sandi)

Hins vegar skal rusl, sem inniheldur járn sem er verulega mengað af málmlausum efnum, sem verða til við bræðslu eða hitameðferð eða vélræna meðhöndlun, ekki teljast til brotajárns, t.d.:

- innhlaup og uppstig háofna,
- rennur frá steypun, slettur og annar úrgangur frá járnsteypu, úrgangur frá steypugryfjum,
- gjall frá stálbræðslu,
- eldhúð frá ofnum fyrir upphitun og völsun og smíði,
- slettur frá málmbræðsluofnum,
- málmskófir frá loftrás og úr deiglum og leyfar frá mótun í sandi.

Lýsing

Kóði: 1010

Heiti: Birgðir á fyrsta degi ársins

Með þessum kóðum skal skrá heildarbirgðir verksmiðja, þ.m.t. samhliða rekstur (þ.m.t. stálsteypur), að slepptum birgðum í járnsteypum.

Kóði: 1020

Heiti: Birgðir sem verða til við eigin starfsemi

Þetta tekur til:

- slettur og annar úrgangur er fellur til við steypumótun, frá stálbræðslunni og málmsteypum í samhliða rekstri: innhlaup, mótunarhettur frá málmsteypu. Telja skal með gallaða hleifa og úrkastshleifa sem ekki teljast til framleiðslunnar,
- vinnsluúrgangur er það sem verður til við framleiðslu á hálfunnum og völsuðum vörum, þ.m.t. aðkeypt vinna, einnig rusl frá hleifum og gallaðir hleifar og steipt stál sem greinist gallað eftir að það kemur úr bræðsluverksmiðjunni eða steypunni (þ.e. eftir að hafa verið talið með í framleiðslu hrástáls eða steypustáls). Þetta tekur til brotajárns sem verður til í stálssteypum í samhliða rekstri, málmsteypum, röraverksmiðjum og víraverksmiðjum, og kaldvölsunarverksmiðjum, verksmiðjum sem framleiða byggingarhluta úr málm og aðrar deildir sem vinna með stál, að undanskildum járnsteypum (sjá almenna 1. athugasemd hér að ofan). Úrgangur frá völsunarsmiðjum til endurvölsunar í eigin völsunarsmiðjum telst ekki sem nýr brotamálmur,
- gamalt brotajárn er stál og steypujárn sem verður til við viðgerðir og niðurrif gamla verksmiðja, véla- og tækjabúnaðar, t.d. hleifamóta.

Kóði: 1030

Heiti: Aðföng (1031 + 1032 + 1033)

Brotajárni, sem fengið er í viðskiptum við kaupmann, sem gegnir hlutverki milliliðs, er skipt á kóða 1031, 1032 og 1033 eftir því sem við á..

Brotajárn úr skipum, sem höggvin eru í brotajárn í skipaniðurrifsstöðvum innan Bandalagsins, skal teljast brotajárn innanlands og innan Bandalagsins.

Kóði: 1031

Heiti: Aðföng í heimalandinu

Þetta tekur til brotajárns frá öðrum verksmiðjum eða deildum sama fyrirtækis í sama landi, þ.m.t. háofnar, stálbræðslur, völsunarstöðvar, járnsteypur (m.a. járnsteypur í samhliða rekstri). Aðföng brotajárns frá bræðslum annarra stálfélaga og frá bræðslum, öðrum en þeim sem framleiða eða nota stál, t.d. námum, skulu taldar með.

Þetta tekur einnig til brotajárns frá innanlandsmarkaði, sem tekið er við beint frá fyrirtækjum sem ekki vinna með stál, s.s. stál- eða járnsteypum, röraverksmiðjum, smiðjum, byggingariðnaðinum, málmvinnsluiðnaði, skipasmíðastöðvum, járnbrautafélögum, tækniðnaðinum og málmframleiðslu, o.s.frv.

Kóði: 1032

Heiti: Aðföng frá Bandalagslöndunum

Hér er um að ræða brotajárn frá öðrum löndum Bandalagsins.

Kóði: 1033

Heiti: Aðföng frá þriðju löndum

Hér er um að ræða brotajárn frá löndum utan Bandalagsins (eða þriðju löndum)

Kóði: 1040

Heiti: Samanlagt (1010 + 1020 + 1030)

Samtala birgða á fyrsta degi ársins, bæði birgðir sem verða til við eigin starfsemi og sem aðföng.

Kóði: 1050

Heiti: Heildarnotkun ...

Heildarnotkun vísar til heildarmagns brotajárns sem notað er í framleiðslu járn í háofnum, rafknúnum járnbræðsluofnum og einnig glæðingarverksmiðjum ásamt heildarnotkun brotajárns í heildarframleiðslu hrástáls, þ.m.t. framleiðsla á sérstöku steypujárni með því að auka kolefnisinnihald stálsins og framleiðsla stálsteypa í samhliða rekstri.

Kóði: 1051

Heiti: ... þar af rafmagnsofnar

Notkun brotajárns við framleiðslu á stáli í rafmagnsofnum.

Kóði: 1052

Heiti: ... þar af ryðfrír brotamálmur

Notkun á ryðfríum brotamálmi sem inniheldur 10,5% eða meira af krómi og ekki meira en 1,2% af kolefni, með eða án annarra málmblendihluta.

Kóði: 1060

Heiti: Afhendingar

Greina skal frá allri afhendingu á brotajárni, þ.m.t. til allra steypa, einnig þeirra sem eru í samhliða rekstri.

Kóði: 1070

Heiti: Birgðir á síðasta degi ársins (1040-1050-1060)

Með þessum kóðum skal skrá heildarbirgðir verksmiðja, þ.m.t. þar sem samhliða rekstur á sér stað (þ.m.t. stálssteypur), þó ekki birgðir í járnsteypum.

2. ELDSNEYTIS- OG ORKUNOTKUN OG REIKNINGSJÖFNUÐUR RAFORKU Í STÁLIDNAÐI

Formálsorð um tegundir verksmiðja

Hleðslublöndunarstöðvar taka til glæðingarverksmiðja og hleðslublöndunarstöðva.

Einungis ber að taka tillit til notkunar á eldsneyti sem er hlaðið (charged) eða er notað í ofna í staðinn fyrir koks, þ.e. að undanskildri notkun í heitblástursofnum, víftum og öðrum fylgihlutum háofna (sem skylt er að geta í öðrum verksmiðjum), að því er varðar háofna og rafknúna járnbræðsluofna.

Málmbræðslur taka til stálbræðslu og samfelldrar málmsteypingar.

Raforkuver taka til notkunar á eldsneyti og orku til framleiðslu rafmagns í verksmiðjunum eða í sameiginlegum orkuverum nokkurra stálbræðslna. Sjá einnig almenna athugasemd nr. 2.

Aðildarríkjunum ber að safna þessum upplýsingum frá öllum járn- og stálbræðslum sem skilgreindar eru í flokki 27.1 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE) endursk. 1.1., þ.m.t. endurvölsunarver og raforkuver stáliðnaðarins sem nokkrar verksmiðjur og félög deila. Í skilningi þessara hagskýrslna skulu orkuverin talin sem stálbræðslur í flokki 27.1 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE) endursk. 1.1.

Sameiginleg raforkuver í stáliðnaðinum

Raforkuver, sem eru sameiginleg nokkrum verksmiðjum og stálfyrirtækjum, skulu teljast sem eining.

Sameiginleg orkuver stáliðnaðarins skulu svara könnuninni beint. Til þess að koma í veg fyrir tvöfaldar færslur skulu þessi gögn ekki vera í svörum einstakra verksmiðja sem nota framleiðslu þessara orkustöðva

Í tilföngum stálveranna skal þó koma fram heildarviðtaka þeirra á raforku frá sameiginlegum orkuverum (kóði 3102) ásamt viðtöku á utanaðkomandi raforku.

Raforkuver sem tengjast öðrum iðnaði, t.d. kolaiðnaðinum, eru undanskilin.

Raforkuver og gufuafllstöð

Telja skal þessar blönduðu verksmiðjur að hluta til sem raforkuver. Eldsneytisnotkunin skal einungis taka til notkunar við framleiðslu á raforku, þ.e. það magn, sem telja má til hitaveitu, er undanskilið.

Orkunotkun

Í A-hluta á að skrá eldsneytis- og orkunotkun í járn- og stálbræðslum og stoðverkmiðjum, að undanskildum koksofnum (háofnum, glæðingarverkmiðjum, stálsteypum í samhliða rekstri, völsunarstöðvum o.s.frv.).

Telja skal með alla notkun stoðvera (t.d. orkuvera og gufuverkmiðja), jafnvel þótt þau starfi ekki eingöngu fyrir járn- og stálver.

Verkstæði, í samþætту rekstri við járn- og stálbræðslur, skal undanskilja þar sem starsemi þeirra fellur ekki undir flokk 27.1 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE endursk. 1.1.).

A-hluti: Árlegar hagskýrslur um notkun eldsneytis og orku, sundurliðað eftir tegundum verkmiðja

Kóði: 2010

Heiti: Fast eldsneyti (2011 + 2012)

Fast eldsneyti ber að skrá samkvæmt ástandi þess við viðtöku.

Kóði: 2011

Heiti: Koks

Hér er meðtalið koks, hálfkoks, jarðolíukoks og smáar koksagnir.

Kóði: 2012

Heiti: Annað eldsneyti í föstu formi

Hér eru meðtalin kol og kolaklumpar, brúnkol og köggluð kol.

Kóði: 2020

Heiti: Fljótandi eldsneyti

Hér er meðtalin notkun á öllu fljótandi eldsneyti í járn- og stálbræðslum og hjálparkerfa þeirra, í raforkuverum, en að undanskildum koksofnum.

Kóði: 2030

Heiti: Gas (2031 + 2032 + 2033 + 2034)

Skrá skal hreina notkun, þ.e.a.s. að undanskildu tapi og gasi sem er brennt.

Gasnotkun ber að skrá í gígajúlum (1 gígajúl = 109 júl = 1 gígakaloría/4,186) eftir lægra brennslugildi fyrir hverja gastegund (fyrir þurrgas í 0° og 760 mm/Hg).

Kóði: 2040

Heiti: Afhending á háofnagasi til annarra

Þetta tekur til heildarfjölda afhendinga á háofnagasi til almenningsveitna, til koksvinnslustöðva sem eru í samhliða rekstri með stálverksmiðjum, til annarra stálbræðslna og annarra viðskiptavina.

Kóði: 2050

Heiti: Afhending á bræðsluofnagasi til annarra

Þetta tekur til heildarfjölda afhendinga á bræðsluofnagasi til almenningsveitna, til koksvinnslustöðva sem eru samþættar stálverksmiðjum, til annarra stálbræðslna og annarra viðskiptavina.

B-hluti: Árlegar hagskýrslur um reikningsjöfnuð raforku í stáliðnaðinum

Lýsing

Kóði: 3100

Heiti: Tilföng (3101 + 3102)

Sjá lýsingar á 3101 og 3102.

Kóði: 3101

Heiti: Verg framleiðsla

Verg framleiðsla, samsvarandi samanlagðri notkun í raforkuverum eins og skráð er í A-hluta fyrir raforkuver.

Kóði: 3102

Heiti: Aðföng frá öðrum stöðvum

Með öðrum stöðvum er átt við almenn dreifikerfi, önnur lönd, járn- og stálbræðslur (þ.m.t. almenn orkuver), koksofna í stálbræðslum, deildir í samhliða rekstri o.s.frv.

Kóði: 3200

Heiti: Notað (3210 + 3220 + 3230)

Samanlögð tala í línu 3200 skal samsvara þeirri í línu 3100.

Kóði: 3210

Heiti: Notkun eftir verksmiðjum (3211 + 3212 + 3213 + 3214 + 3215 + 3216 + 3217)

Þetta tekur til heildarnotkunar verksmiðja í línunum (3211 + 3212 + 3213 + 3214 + 3215 + 3216 + 3217).

Kóði: 3217

Heiti: Aðrar stöðvar

Vísar til annarra tegunda verksmiðja eins og skilgreint er í A-hluta.

Kóði: 3220

Heiti: Afhending til annarra stöðva

Sjá kóða 3102.

Kóði: 3230

Heiti: Tap

Þetta tekur til alls taps á raforku.

3. RANNSÓKN Á FJÁRFESTINGUM Í JÁRN- OG STÁLIDNADINUM (KOSTNAÐUR OG AFKASTAGETA)

A-hluti: Árlegar hagskýrslur um kostnað

Formálsorð

Fylla þarf út spurningalista fyrir hverja verksmiðju, jafnvel þótt nokkrar þeirra myndi hluta sama fyrirtækis.

Fjárfestingarkostnaður felur í sér fjárfestingar á viðmiðunartímabilinu í efnislegum fjármunum. Það á jafnt við um nýjar, efnislegar fjárfestingarvörur og þær sem fyrir hendi eru, hvort sem þær eru keyptar af þriðju aðilum eða framleiddar til eigin nota (þ.e. framleiðsla efnislegra fjárfestingarvara sem færð er til eignar), sem hafa lengri endingartíma en eitt ár, þar með taldar auðlindir, svo sem lóðir. Viðmiðunarmörkin fyrir nýtingartíma vöru, sem unnt er að færa til eignar, má hækka samkvæmt reikningsskilaaðferðum félaga ef þær krefjast lengri áætlaðrar endingar en þess eina árs sem tilgreint er hér að framan..

Allar fjárfestingar eru metnar áður en þær eru endurmetnar (þ.e. á vergu virði) og áður en tekjur vegna ráðstafana eru dregnar frá. Keyptar vörur eru metnar á innkaupsverði, þ.e. að meðtöldum flutnings- og uppsetningarkostnaði, þóknunum, sköttum og öðrum kostnaði vegna eigendaskipta. Efnislegar vörur, sem eru eigin framleiðsla, eru metnar á framleiðsluverði. Undanskilin eru verðmæti sem verða til við endurskipulagningu (svo sem vegna samruna fyrirtækja, yfirtöku, þess að fyrirtæki er leyst upp eða það skiptist upp). Kaup á smærri verkfærum, sem ekki eru færð til eignar, eru talin með rekstrarútgjöldum.

Einnig eru meðtaldar allar viðbætur, breytingar, úrbætur og endurnýjun sem lengja endingartíma eða auka framleiðslugetu fjárfestingarvara.

Rekstartengdur viðhaldskostnaður er undanskilinn sem og virði fjárfestingarvara og rekstrarútgjöld vegna fjárfestingarvara sem eru nýttar samkvæmt leigu- og kaupleigusamningum.

Að því er varðar skráningu fjárfestinga, þar sem gerð reiknings, afhending, greiðsla og fyrsta notkun vörunnar kann að eiga sér stað á mismunandi viðmiðunartímabilum, er lagt til að notuð sé eftirfarandi aðferð:

- Fjárfestingar eru skráðar þegar eignarrétturinn færir til einingarinnar sem hyggst nota þær. Framleiðsla, sem færð er til eignar, er skráð þegar hún er framleidd. Þegar fjárfesting fer fram í nokkrum áföngum er hver hluti fjárfestingarinnar skráður á viðkomandi viðmiðunartímabili. Vera kann að í framkvæmd sé þetta ekki mögulegt og að samkvæmt reikningsskilavenjum félagsins reynist nauðsynlegt að nálgast þessa aðferð með einhverjum eftirfarandi hætti:
- Fjárfestingar eru skráðar á það viðmiðunartímabil þegar þær eru afhentar,
- fjárfestingar eru skráðar á það viðmiðunartímabil þegar framleiðsluferli þeirra hefst,
- fjárfestingar eru skráðar á það viðmiðunartímabil þegar reikningur vegna þeirra er gerður,
- fjárfestingar eru skráðar á það viðmiðunartímabil þegar þær eru greiddar,
- fjárfesting er ekki færð á efnahagsreikning. Hins vegar koma viðbætur, ráðstafanir og tilfærslur allra fastafjármuna, sem og endurmat þessara fastafjármuna, fram á efnahagsreikningi eða í skýringum með reikningsskilunum.

Efnislegar eignir eru taldar upp í reikningsskilum fyrirtækja undir „Fastafjármunir — rekstrarfjármunir“.

Lýsing eftir tegundum verkstöðva**Kóði: 4010****Heiti: Koksvinnslustöð**

Þar á meðal:

- Ofnar, koksofnasamstæður með fylgihlutum s.s. hleðslutækjum, skörungum, mölunarvélum o.s.frv. ásamt vögnum undir koks og turnum til snöggkælingar,
- viðbótarstöðvar

ATH: Innifalið undir hverri fyrirögn er stöð, byggingar og aukabúnaður.

Kóði: 4020**Heiti: Hleðslublöndunarstöð**

Þetta tekur til verksmíðja sem undirbúa blöndun járngrýtis og hleðslu.

Kóði: 4030**Heiti: Stöð fyrir framleiðslu á járn og járnblendi (þ.m.t. háofnar)**

Þetta tekur til rafknúinna steypujámsofna, lágstokkaofna og annarra forbræðslustöðva o.s.frv.

Kóði: 4040**Heiti: Stálbræðsla**

AOD-ferlið, lofttæming, vinnsla í ausu o.s.frv. teljast til meðferðar eftir lokaferli, viðeigandi fjárfestingarkostnaður (eins og öll framleiðsla) skal koma fram í flokknum yfir viðeigandi lokaferli.

Þegar stálbræðsla og blöndunarvél teljast til (eða munu teljast til) verksmíðjanna skal kostnaðurinn við blöndunarvélinu teljast til samsvarandi bræðslustöðvar. Ef verksmíðjan hefur ekki bræðslustöð skal þessi kostnaður vera innifalinn í kostnaði sem tengist háofnum.

Kóði: 4041**Heiti: Þar af rafknúin**

Þetta tekur til EAF-ferlisins fyrir framleiðslu hrástáls með rafknúnum ljósboga- eða spanofni.

Kóði: 4050**Heiti: Samfelld málmsteypa**

Þetta varðar samfelld steypar hellur, blokkir, drumba, stálbita og hálfunnin rör, að undanskildum endastykkjum sem ekki er hægt að endurvalsa.

Kóði: 4060**Heiti: Völsunarstöðvar (4061 + 4062 + 4063 + 4064)**

Fyrir hverja tegund völsunarstöðva skal ekki einungis taka til greina kostnaðinn af sjálfri stöðinni heldur einnig kostnaðinn við fyrri hluta framleiðsluferlis stöðvarinnar (t.d. ofna til endurhitunnar) og seinni hluta framleiðsluferlisins (t.d. kælubúnað, klippur). Fyrirsögnin „Aðrar stöðvar“ (kóði 4070) tekur til kostnaðar af öllum búnaði sem ekki fellur undir sérstakan flokk stöðva, að frátöldum húðunarbúnaði (tin húðun, sink húðun o.s.frv.), sem auðkenndur er í kóða 4064.

Kostnaðinn við yfirborðsvalsa skal sýna undir kóða 4063 — kaldvölsun fyrir breiðbönd.

Kóði: 4061

Heiti: Flatar vörur

Undir þennan kóða skráist kostnaður vegna heitvölsunarstöðva fyrir flatar vörur.

Kóði: 4062

Heiti: Langar vörur

Undir þennan kóða skráist kostnaður vegna heitvölsunarstöðva fyrir langar vörur.

Kóði: 4063

Heiti: Kaldvölsun fyrir breiðbönd

Undir þennan kóða skráist kostnaður vegna kaldvölsunar fyrir breiðbönd, hvort sem völsunin er samfelld eða ekki.

Kóði: 4064

Heiti: Húðunarbúnaður

Undir þennan kóða skráist kostnaður vegna húðunarbúnaðar (húðunarlínur).

Kóði: 4070

Heiti: Aðrar stöðvar

Þessi kóði tekur til:

- allar miðlæggar dælustöðvar og dreifikerfi fyrir raforku, gas, vatn, gufu, loft og súrefni.
- flutningur, vélaverkstæði, rannsóknarstofur og önnur mannvirki sem mynda hluta af heildarverksmiðjunni en ekki er hægt að flokka sem hluta sérstakra sviða.
- stöðvar fyrir blokkir, hellur og drumba, þegar þessar hálfunnu vörur eru ekki í samfelldri steypu og skráðar undir kóða 4050.

Kóði: 4200

Heiti: Þar af til að vinna gegn mengun

Fjárfestingarútgjöld vegna aðferða, tækni, vinnslu eða búnaðar til að taka við og fjarlægja mengun og mengunarvalda (t.d. losun út í andrúmsloftið, frárennsli eða úrgangur í föstu formi) sem þegar hafa myndast, koma í veg fyrir útbreiðslu mengunar og mæla stig hennar og meðhöndla og farga mengunarvöldum sem verða til í rekstri fyrirtækisins.

Þessi fyrir sögn er summa kostnaðar á umhverfissviðunum: Verndun andrúmslofts og loftslags, hreinsun skólps, meðferð úrgangs og önnur umhverfisverndarstarfsemi. Önnur umhverfisverndarstarfsemi felur í sér verndun og hreinsun jarðvegs, grunnvatns og yfirborðsvatns, ráðstafanir til að draga úr hávaða og titringi, verndun líffræðilegrar fjölbreytni og landslags, geislavarnir, rannsóknir og þróun, almenna umhverfisstjórnun og -stjórnsýslu, menntun, þjálfun og upplýsingar, starfsemi sem leiðir til óskiptanlegra útgjalda og starfsemi sem ekki er flokkuð annars staðar.

Meðtalið er:

- Fjárfestingar í skýrt skilgreindum þáttum sem koma til viðbótar búnaði sem fyrir er, sem gerðar eru við lok eða alveg utan við framleiðslulínuna (búnaður utan framleiðslu (endahreinsibúnaður)),
- Fjárfestingar í búnaði (t.d. síum eða aðgreindum hreinsunarþrepum) sem draga úr eða draga út mengunarvalda í framleiðslulínunni, ef þennan aukabúnað má fjarlægja án þess að það hafi áhrif á meginstarfsemi framleiðslulínunnar. Megintilgangur eða hlutverk þessara fjárfestingarútgjalda er umhverfisvernd og skal tilgreina heildarútgjöld vegna þessa. Tilgreina skal verg útgjöld, þ.e. að meðtöldum hvers kyns kostnaði sem vegur upp á móti og er til kominn vegna framleiðslu og sölu á markaðshæfum aukaafurðum, sparnaði eða móttæknum styrkjum. Keyptar vörur eru metnar á innkaupsverði, að undanskildum frádráttarbærum virðisaukaskatti og öðrum frádráttarbærum sköttum sem tengjast veltu með beinum hætti.

Undanskilið er:

- Aðgerðir og starfsemi sem eru hagstæð umhverfinu en hefðu verið framkvæmd án tillits til umhverfisverndarsjónarmiða, þ.m.t. ráðstafanir sem fyrst og fremst stuðla að hollustuháttum og öryggi á vinnustað og öryggi í framleiðslu.
- Ráðstafanir til að draga úr mengun vegna notkunar eða úreldingar vörunar (aðlögun vara að umhverfinu) nema umhverfisstefna og reglur færi út lagalega ábyrgð framleiðanda þannig að hún nái einnig yfir mengun vegna notkunar varanna eða frágangs þeirra sem úrgangi.
- Starfsemi í tengslum við notkun og sparnað á auðlindum (t.d. vatnsveitu eða orku- eða hráefnissparnað) nema meginmarkmiðið með þeim sé umhverfisvernd: þ.e. þegar slíkar aðgerðir miða að því að uppfylla innlenda eða alþjóðlega umhverfisstefnu en eru ekki af sparnaðarástæðum.

B-hluti: Árlegar hagskýrslur um afkastagetu

Formálsorð

Hugsanleg hámarksframleiðsla svarar til þeirrar framleiðslu sem verksmiðja gæti framleitt á árinu, sem um ræðir, með tilliti til eðlilegra eða væntanlegra rekstraraðferða, rekstaraðstæðna og framleiðslusamsetninga. Hún er samkvæmt skilgreiningu meiri en framleiðslan í raun.

Breytingar á hugsanlegri hámarksframleiðslu tengjast að öllu jöfnu:

- fjárfestingum sem gerðar eru þrátt fyrir að kostnaðurinn og breytingamar muni ekki endilega eiga sér stað á sama tíma,
- skilvirkum eða skipulögðum, varanlegum lokunum, tilfærslum eða sölu. Hugsanleg hámarksframleiðsla svarar ekki til tæknilegrar eða áætlaðrar afkastagetu neins einstaks hluta búnaðarins en er byggð á heildarsamsetningu tæknilegra þátta verksmiðjunnar, með hliðsjón af tengslum milli ýmissa stiga í framleiðsluferlinu, t.d. milli stálbræðslu og háofna.

Hámarksársframleiðsla er hámarksframleiðsla sem hægt er að ná fram á því ári sem um ræðir við venjuleg vinnuskilyrði, með hliðsjón af viðgerðum, viðhaldi og hefðbundnum frídögum, með þeim búnaði sem fyrirbyggjandi er við byrjun árs, einnig með tilliti til viðbótarframleiðslu búnaðar sem verður tekinn í notkun og búnaðar sem fyrir er en skal taka úr notkun á árinu. Þróun framleiðslunnar byggist á líklegum verðhlutföllum í samsetningu þeirra tækja sem um ræðir og á þeirri forsendu að hráefni verði tiltæk.

Almennar reikningsaðferðir

Í svörum í könnunni verður að telja með öll mannvirki, sem ekki er búið að loka til frambúðar.

Útreikningur á hugsanlegri hámarksframleiðslu er byggður á eðlilegum rekstrarskilyrðum, þ.m.t.:

- eðlilegt framboð á vinnuafli, þ.e. engar breytingar skulu gerðar á hugsanlegri hámarksframleiðslu við þær aðstæður þegar verksmiðja lagar sig að sveiflum í markaðsaðstæðum með tímabundinni takmörkun eða aukningu í mannafla,
- eðlilegt framboð á búnaði, þ.e. gera skal ráð fyrir frávikum vegna tímabundinna lokana, launaðra frídaga, reglubundins viðhalds og, þar sem við á, árstíðabundnu framboði á rafmagni ⁽¹⁾,
- eðlilegt framboð á hráefni,
- nýtingarhlutfall, bæði er varðar hráefni og hálfunnar vörur (ef annað er ekki tilgreint merkir „eðlilegt“ nýtingarhlutfallið árið á undan) til ýmissa mannvirkja. Í tilvikum þar sem breytingar á þessari dreifingu eru nauðsynlegar, af ástæðum sem snerta tiltekið iðjuver, er einungis hægt að gera slíkar breytingar ef líklegt er að framboð á hráefni eða hálfunnum vörum verði í nægjanlegu magni.
- eðlileg framleiðslusamsetning á fyrra ári, nema ákveðnar breytingar séu fyrirhugaðar,
- engin vandkvæði við að losna við vörur,
- engin verkföll eða verkbanar,
- engin tæknileg slys eða bilanir í iðjuverinu,
- engar alvarlegar truflanir vegna veðurs, t.d. flóða.

Starfsemi hafin eða starfsemi hætt

Í þeim tilvikum þegar hefja á starfsemi iðjuvers, loka því til frambúðar, flytja það eða selja á því ári, sem um ræðir, er nauðsynlegt að taka mið af dagsetningunni þegar reksturinn hefst, eða er hætt og reikna hlutfallslega hugsanlega hámarksframleiðslu fyrir þá mánuði sem áætlað er að búnaðurinn sé í rekstri. Í þeim tilvikum þegar um er að ræða nýjan búnað, sérstaklega mjög stóran búnað, skal beita varfærni varðandi framleiðslu sem ná má á uppbyggingartímabilinu, sem getur spannað nokkur ár.

1. Stálbræðslur

- *Bræðslustál*: Þegar um er að ræða bræðslustál (t.d. LD, OBM o.s.frv.) verður að telja öll járn- og stálvinnsluver sameiginlega, þ.e.a.s. hugsanlega hámarksframleiðslu stálbræðslna má takmarka við framboð á heitum málmum en í slíkum tilvikum verður að reikna hugsanlega hámarksframleiðslu stálbræðslna á grundvelli framboðs á járn til eðlilegrar dreifingar á járn milli stálbræðslna, smiðja, kornunarverksmiðja og sölueldar, eins og við á, og eðlilegs magns af brotajárni til að framleiða 1 tonn af fullunninni vöru.
- *Rafstál*: taka verður mið af því framboði af raforku sem fyrir er.
- *Almennt*: tæknilegir flöskuhálsar gætu verið í tilteknum stoðverksmiðjum sem gætu t.d. takmarkað notkun tveggja ofna samtímis í stað þriggja. (Orsökina gæti verið tæknilegur flöskuháls í súrefnisbirgðum, kæligryfjum, hlaupaköttum o.s.frv.). Þess vegna verður að taka til greina allan stoðbúnað hverrar málmbræðslu sem hefur áhrif á nýtingu þeirra.

2. Völsunarstöðvar og húðunarbúnaður

Hugsanleg hámarksframleiðsla völsunarstöðvar eða húðunarbúnaðar verður að ákvarða á grundvelli tiltekinna framleiðslusamsetningar, þ.e. á grundvelli ákveðins magns tiltekinna stærða og hluta vörunnar. Ef fyrirtæki telur sér ekki fært að setja fram spá, vegna ófyrirsjáanlegra markaðsaðstæðna, skal nota framleiðslusamsetningu síðasta árs.

⁽¹⁾ Reglubundna viðhaldsskoðun á nokkurra ára fresti (t.d. háofna) má hins vegar einfalda í „ársmeðaltal“.

Að auki verður að ákvarða mögulega hámarksframleiðslu á grundvelli eðlilegra stærðarmarka hálfunnu varanna sem koma í vinnsluna.

Við útreikninga á mögulegri hámarksframleiðslu verður að taka tillit til flöskuhálsa í frumvinnslu og fullvinnslu framleiðslunnar í allri verksmiðjunni, t.d. til framboðs á hálfunnum vörum og þess hver afkastagetan er til að meðhöndla eða fullvinna vöruna.

Kaup á hálfunnu stáli getur einungis aukið við hugsanlega hámarksframleiðslu hjá stöðvum eða hópum sem annars búa ekki við nægilegt framboð ef líklegt er að nauðsynlegt magn af hálfunnu stáli verði tiltækt á ári þegar viðskiptaaðstæður eru hagstæðar. Þetta felur oftast í sér langtímasamninga eða vel skilgreindar birgðaáætlanir.

Almennt séð skal vera jafnvægi milli stálframleiðslunnar og framleiðslu valsaðra vara í verksmiðjum í samhliða rekstri eða verksmiðjum tiltekinnar samstæðu ef gert er ráð fyrir eðlilegri dreifingu á því stáli, sem í boði er, milli völsunarstöðva, málmsteypa og hálfunninna vara til röraframleiðslu eða eldsmíði.

Að því er varðar raunframleiðslu skal gera grein fyrir henni á vergum grunni við lok hvers vinnlustigs áður en nokkur umbreyting á sér stað.

Þetta ætti að taka til allra vara sem eru framleiddar í verksmiðjunni, hvort sem þær eru framleiddar á eigin kostnað eða ekki. Einkum verða allar vörur sem unnar eru með tilstyrk aðkeyprar vinnu að vera innifaldar í framleiðslu verksmiðjunnar þar sem þær voru framleiddar en ekki í framleiðslu þeirrar verksmiðju sem pantaði aðkeyptu vinnuna. Þetta ætti að taka til allra vara og gæðaflokka (óblendins og blandaðs stáls), þ.m.t. þessi annars flokks efni sem ekki á að endurbæða strax, s.s. annars flokks vörur, plötu- og þynnuafklippur og endastykki, vörur sem verða til við skurð á völsuðum eða hálfvölsuðum stálvörum eða hálfunnar vörur þar sem gallaðir hlutar eru skornir af og endurbreiddir strax.

Sending gagna er tengjast raunframleiðslu er valfrjálsl.

Fylla þarf út spurningalista fyrir hverja verksmiðju, jafnvel þó nokkrar þeirra séu hluti af sama fyrirtæki.

Lýsing

Kóði: 5010

Heiti: Koks

Framleiðsla koksofna

Kóði: 5020

Heiti: Hleðslublanda

Öll framleiðsla glæðingarköggla og annarra verksmiðja sem framleiða kögglað efni fyrir háofna og bein rýrnun frauðjárns.

Kóði: 5030

Heiti: Steypujárn og járnblendir

Framleiðsla á öllu járn, spegiljárn og jármangani með hátt kolefnainnihald frá háofnum og rafknúnum ofnum til járnframleiðslu í verksmiðjunum.

Kóði: 5040

Heiti: Hrástál

Heildartala hrástáls

Kóði: 5041

Heiti: Þar af rafknúin

— þar af hrástál úr rafknúnum ofnum (ljósbogaofnum og spanofnum).

Kóði: 5042

Heiti: Þar af notuð við samfellda málmsteypingu

— þar af hellur, blokkir, drumbar, stálbitar og hálfunnin rör.

Kóði: 5050

Heiti: Vörur sem eru framleiddar beint með hitavölsun (5051+5052)

Þetta tekur til heildarfjölda heitvalsaðra vara.

Kóði: 5051

Heiti: Flatar vörur

Þetta tekur til heildarfjölda heitvalsaðra, flatra vara.

Kóði: 5052

Heiti: Langar vörur

Heildarfjöldi heitvalsaðra, langra vara. Til hagræðingar tekur þessi kóði til valsaðra, hálfunninna vara fyrir rör þar sem ekki er hægt að flokka þær í öðrum kóða.

Kóði: 5060

Heiti: Vörur sem eru framleiddar úr hitavölsuðum vörum

(Þó ekki húðaðar vörur)

Vörur sem eru framleiddar úr hitavölsuðum vörum (þó ekki húðaðar vörur) Þessi kóði tekur til heitra, mjórra málmlengja frá heitvölsuðum breiðböndum, hitaplatna sem eru skornar úr heitvölsuðum breiðböndum, kaldvalsaðra, flatra vara í plötum eða spólum.

Kóði: 5061

Heiti: Þar af vörur sem eru framleiddar með kaldvölsun

— þar af flatar vörur (plötur og ræmur) sem framleiddar eru með kaldvölsun.

Kóði: 5070

Heiti: Húðaðar vörur

Þessi kóði tekur til umbúðastáls (blikkplötur, blikkþynnur og –ræmur, stál rafhúðað með krómi), allar þynnur, plötur og rúllur, málmhúðaðar í málmhúðunarbaði eða rafhúðað með málm, hvort sem er flatt eða bylgjað, og allar þynnur, plötur og rúllur, flatar eða bylgjaðar, húðaðar með lífrænum efnum.

Skilgreining kóða í þessari könnun er gefin með tilvísun í fyrrum KSE-spurningalista Hagstofu Evrópubandalaganna 2-61

Kóði í þessari könnun	Stutt lýsing á vörum	Tilvísun í línur KSE-spurningalistans 2-61
5010	Framleiðsla koksofna	1001
5020	Framleiðsla allra glæðingaverksmiðja og annara verksmiðja sem framleiða kögglað efni fyrir háofna og bein rýmun frauðjárns.	2001 + 2002
5030	Framleiðsla á öllu járni, spegiljárni og járnangani með háu kolefnainnihaldi frá háofnum og rafknúnum ofnum til járnframleiðslu í verksmiðjunum	3001
5040	Heildartala hrástáls	4000
5041	— þar af hrástál úr rafknúnum ofnum (ljósbogafnum og spanofnum).	4002
5042	— þar af hellur, blokkir, drumbar, bitar og hálfunnin rör.	4099
5050	Heildarfjöldi heitvalsaðra vara.	5000
5051	Heildarfjöldi heitvalsaðra, flatra vara.	5100
5052	Heildarfjöldi heitvalsaðra, langra vara. Til hagræðingar tekur þessi kóði til valsaðra hálfunninna vara fyrir rör þar sem ekki er hægt að flokka þær í öðrum kóða.	5200 + 8001
5060	Vörur sem eru framleiddar úr hitavölsuðum vörum (þó ekki húðaðar vörur). Þessi kóði tekur til heitra, mjórra málmengja frá heitvölsuðum breiðböndum, hitaplatna skornum úr heitvölsuðum breiðböndum, kaldvalsaðra flatra vara í plötum eða spólum	6010 + 6020 + 6030
5061	— þar af flatar vörur (plötur og ræmur) sem framleiddar eru með kaldvölsun	6030
5070	Húðaðar vörur: Þessi kóði tekur til umbúðastáls (blikkplötur, blikkþynnur og -ræmur, stál rafhúðað með krómi), allar þynnur, plötur og rúllur málmhúðaðar í málmhúðunarbaði eða rafhúðað með málm, hvort sem er flatt eða bylgjað, og allar þynnur, plötur og rúllur, flatar eða bylgjaðar húðaðar með lífrænum efnum	7100 + 7200 + 7300

II. VIÐAUKI

TÆKNILEGT SNIÐ

1. ÚTFÆRSLA GAGNANNA

Gögnin eru send sem safn gagnafærsla sem að mestu leyti er lýsing á breytum í gögnunum (land, ár, atvinnustarfsemi o.s.frv.). Gögnin sjálf eru tala sem hægt er að tengja við kennimerki og neðanmálsgreinar til skýringar. Trúnaðargögn skal senda með raungildi skráð á gagnareitur og kennimerki sem sýnir hvers eðlis trúnaðargögnin eru sem bætt er við færsluna.

2. FÆRSLUSNIÐ

Færslurnar eru settar saman úr mislögum reitum sem eru aðgreindir með semíkómmu (;). Taflan sýnir hámarks lengd reita. Reitirnir eru sem hér segir, talið frá vinstri til hægri:

Svæði	Gerð	Hámarks lengd	Gildi
Röð	A	3	Alstafakóði raðarinnar (sjá skrá hér á eftir)
Ár	A	4	Ártal með fjórum tölustöfum, t.d. 2003.
Land	A	6	Landskóði (sjá skrá hér á eftir).
Tegund framleiðslu	A	3	Til að greina mögulega hámarksframleiðslu frá raunframleiðslu (einungis notað fyrir hagskýrslur um afkastagetu) eða til að auðkenna tegund stöðvar (hleðslublöndunarstöðvar, deildir völsunarstöðva, háofnar og rafknúnir járngerðarofnar, raforkuver, bræðslur, aðrar stöðvar) (einungis notað fyrir hagskýrslur um eldsneytis- og orkunotkun).
Breyta	A	4	Breytukóði. Kóðarnir, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 48/2004 um hagskýrslugerð Bandalagsins um stáliðnaðinn fyrir viðmiðunarárin 2003-2009, eru með fjórum tölustöfum (sjá skrá hér á eftir).
Gagnagildi	N	12	Tölugildi gagnanna tilgreint sem heil tala án aukastafa.
Trúnaðarmerki	A	1	A, B, C, D: sýnir að gögnin séu trúnaðarmál og ástæðu trúnaðarkvaðarinnar (sjá skrá hér á eftir). Eyða gefur til kynna að gögnin séu ekki trúnaðargögn.
Ráðandi staða	N	3	Tölugildi minna en eða jafnt og 100. Það gefur til kynna ráðandi hundraðshluta eins eða tveggja fyrirtækja sem eru ríkjandi í gögnunum og setja á þau trúnaðarkvöð. Gildið er námundað að næstu heilu tölum: t.d. verður 90,3 90, 94, 50 verður 95. Þessi reitur er auður ef ekki er um að ræða trúnaðargögn. Reiturinn er aðeins notaður þegar trúnaðarmerkið B eða C er í reitnum á undan.
Einingar gagnagilda	A	4	Kóðar til skilgreiningar á einingunum.

3. LÝSING Á REITUNUM

3.1. Tegund raða

Tegund raða	Kóði
Árlegar hagskýrslur um reikningsjöfnuð brotamálms úr stáli og steypujárni	S10
Árlegar hagskýrslur um notkun eldsneytis og orku, sundurliðað eftir tegundum stöðva	S2A
Árlegar hagskýrslur um reikningsjöfnuð raforku í stáliðnaðinum	S2B
Könnun á fjárfestingum í járn- og stáliðnaði	S3A
Árlegar hagskýrslur um afkastagetu	S3B

3.2. Lönd

Land	Kóði
Belgía	BE
Tékkland	CZ
Danmörk	DK
Þýskaland	DE
Eistland	EE
Grikkland	GR
Spánn	ES
Frakkland	FR
Írland	IE
Ítalía	IT
Kýpur	CY
Lettland	LV
Litháen	LT
Lúxemborg	LU
Ungverjaland	HU
Malta	MT
Holland	NL
Austurríki	AT
Portúgal	PT
Pólland	PL
Slóvenía	SI
Slóvakía	SK
Finnland	FI
Svíþjóð	SE
Breska konungsríkið	UK
Ísland	IS
Liechtenstein	LI
Noregur	NO
Sviss	CH

3.3. Tegund framleiðslu eða tegund stöðvar

Tegund framleiðslu	Kóði
Möguleg hámarksframleiðsla	MPP
Raunframleiðsla (valfrjálst)	ACP
Tegund stöðvar	
Hleðslublöndunarstöð	PLP
Völsunarstöðvar	RMD
Háofnar og rafknúnir járnbræðsluofnar	FRN
Raforkuver	EGS
Málmbæðsla	MLS
Aðrar stöðvar	OTH

3.4. Breytur og einingar gagnagildis

Kóði	Heiti	Einingar gagnagildis
	Reikningsjöfnuður brotamálms úr stáli og steypujárni	Tonn
1010	Birgðir á fyrsta degi ársins	MTON
1020	Birgðir sem verða til við eigin starfsemi	MTON
1030	Aðföng (1031 + 1032 + 1033)	MTON
1031	í heimalandinu	MTON
1032	frá Bandalagslöndunum	MTON
1033	frá þriðju löndum	MTON
1040	Samanlagt (1010 + 1020 + 1030)	MTON
1050	Notkun samtals ...	MTON
1051	... þar af rafmagnsofnar	MTON
1052	... þar af ryðfrír brotamálmur	MTON
1060	Afhendingar	MTON
1070	Birgðir á síðasta degi ársins (1040-1050-1060)	MTON
	Eldsneytis- og orkunotkun	
2010	Fast eldsneyti (2011 + 2012)	MTON
2011	Koks	MTON
2012	Annað eldsneyti í föstu formi	MTON
2020	Fljótandi eldsneyti	MTON
2030	Gas (2031 + 2032 + 2033 + 2034)	GJ
2031	Háofnagas	GJ
2032	Koksofnagas	GJ
2033	Málmbæðsluofnagas	GJ
2034	Annað gas	GJ
2040	Afhending á háofnagasi til annarra	GJ
2050	Afhending á gasi fyrir málmbæðsluofna til annarra	GJ

Kóði	Heiti	Einingar gagnagildis
	Árlegar hagskýrslur um reikningsjöfnuð raforku í stáliðnaðinum	MWh
3100	Tilföng (3101 + 3102)	MWh
3101	Verg framleiðsla	MWh
3102	Aðföng frá öðrum stöðvum	MWh
3200	Notað (3210 + 3220 + 3230)	MWh
3210	Notkun eftir starfsstöðvum (3211 + 3212 + 3213 + 3214 + 3215 + 3216 + 3217)	MWh
3211	Glæðingarverksmiðjur og hleðslublöndunarstöðvar	MWh
3212	Háofnar og rafknúnir járnbræðsluofnar:	MWh
3213	Rafknúnar bræðslustöðvar og samfelld málmsteypa	MWh
3214	Aðrar bræðslustöðvar og samfelld málmsteypa	MWh
3215	Völsunarstöðvar	MWh
3216	Raforkuver	MWh
3217	Aðrar stöðvar	MWh
3220	Afhending til annarra stöðva	MWh
3230	Tap	MWh

Peningamálagögn verður að tilgreina í þúsundum evra fyrir lönd sem eiga aðild að evrusvæðinu og í þúsundum gjaldmiðilseininga viðkomandi landa fyrir lönd utan evrusvæðisins.

Kóði	Heiti	Einingar gagnagildis
	Fjárfestingarkostnaður í járn- og stáliðnaði	Þúsundir evra eða þúsundir innlends gjaldmiðils
4010	Koksvinnslustöð	KEUR eða KNC
4020	Hleðslublöndunarstöð:	KEUR eða KNC
4030	Stöð fyrir framleiðslu á járn og járnblendri (þ.m.t. háofnar)	KEUR eða KNC
4040	Stálbræðsla	KEUR eða KNC
4041	Þar af rafknúin	KEUR eða KNC
4050	Samfelld málmsteypa	KEUR eða KNC
4060	Völsunarstöðvar (4061 + 4062 + 4063 + 4064)	KEUR eða KNC
4061	Flatar vörur	KEUR eða KNC
4062	Langar vörur	KEUR eða KNC
4063	Kaldvölsun fyrir breiðbönd	KEUR eða KNC
4064	Húðunarbúnaður	KEUR eða KNC

Kóði	Heiti	Einingar gagnagildis
	Fjárfestingarkostnaður í járn- og stáliðnaði	Þús. evra eða þús. innlends gjaldmiðils
4070	Aðrar stöðvar	KEUR eða KNC
4100	Samanlagt (4010 + 4020 + 4030 + 4040 + 4050 + 4060 + 4070)	KEUR eða KNC
4200	Þar af til að vinna gegn mengun	KEUR eða KNC
	Hámarksframleiðsla í járn- og stáliðnaðinum (afkastageta)	1000 tonn á ári
5010	Koks	1000
5020	Hleðslublanda	1000
5030	Steypujárn og járnblend	1000
5040	Hrástál	1000
5041	Þar af rafknúin	1000
5042	Þar af notuð við samfellda málmsteypingu	1000
5050	Vörur sem eru framleiddar beint með hitavölsun (5051+5052)	1000
5051	Flatar vörur	1000
5052	Langar vörur	1000
5060	Vörur sem eru framleiddar úr hitavölsuðum vörum (þó ekki húðaðar vörur)	1000
5061	Þar af vörur sem eru framleiddar með kaldvölsun	1000
5070	Húðaðar vörur	1000

3.5. Trúnaðarmerki

Farið er fram á það við aðildarríkin að þau merki trúnaðargögn greinilega með því að nota kennimerkin sem eru tilgreind hér á eftir:

Ástæða trúnaðarkvaðar	Kennimerki
Of fá fyrirtæki	A
Eitt fyrirtæki er ríkjandi í gögnunum	B
Tvö fyrirtæki eru ríkjandi í gögnunum	C
Trúnaðargögn sem háð eru annars stigs trúnaðarkvöð	D

4. DÆMI UM FÆRSLUR

1. dæmi

S10;2003;DE;;1010;12345;;;MTON

Að því er varðar árlegar hagskýrslur um reikningsjöfnuð brotamáls úr stáli og steypujárni voru birgðir í Þýskalandi 12 345 tonn 1. janúar 2003. Þessi gögn voru ekki trúnaðargögn.

2. dæmi

S3B;2003;SK;MPP;5010;12000;;;MTON

Að því er varðar árlegar hagskýrslur um afköst var möguleg heildarframleiðsla koks í Slóvakíu árið 2003 12 000 tonn. Þessi gögn voru ekki trúnaðargögn.

3. dæmi

S3B;2003;ES;ACP;5040;12000;B;95;MTON

Að því er varðar árlegar hagskýrslur um afköst var raunframleiðsla hrástáls á Spáni árið 2003 12 000 tonn. Þessi gögn voru trúnaðargögn þar eð eitt fyrirtæki var ríkjandi í gögnunum og átti 95% framleiðslunnar.

5. RAFRÆNT FORM

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) þau gögn og lýsigögn, sem krafist er í þessari reglugerð, á rafrænu formi í samræmi við staðal um gagnaskipti sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) leggur til.
